





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

0
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured covers/
Couverture de couleur
- Covers damaged/
Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure
- Blank leaves added during restoration may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- Additional comments: / **Text in Icelandic.**
Commentaires supplémentaires:

- Coloured pages/
Pages de couleur
- Pages damaged/
Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached/
Pages détachées
- Showthrough/
Transparence
- Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- Continuous pagination/
Pagination continue
- Includes index(es)/
Comprend un (des) index
- Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:
- Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	12X	14X	16X	18X	20X	22X	24X	26X	28X	30X	32X
					✓						

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:


University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



UM ÞRENNINGARLÆRDÓMINN

—OG—

GUÐDÓM KRISTS.

—EFFIR—

KRISTOFER JANSON.

DÝTT HEFIR

BJÖRN PÉTURSSON.



FORMÁLI.

Fyrir 2 árum síðan þýddi eg á islenzku 3 ræður eftir Sr. Kristofer Janson, Únitara-prest í Minneapolls, sem halda fram skoðun Unitara á ýmsum atriðum kristindómsins, gagnvart kenningum hinna gömlu, orpodoxu, kirkna. Eins og við mátti búast, hafa þessar skoðanir mætt mótspyrnu og mótmælnm frá rjettrúuðum mönnum lút. kirkjunnar, sjer í lagi prestunum, eins og yfir höfuð öll stefna og starfi Unitara. Þeim er borið á brún, að þeir sjeu að reyna til að eyðleggja kirkjur og kristindóm, að rífa niður hlua guðdómlegu byggingu hinna gömlu kristnu kirkna, og eg hef sjálfur fengið marga harða hnútu kastaða fyrir minn hlut að málinu.

Unitarar kalla sjálfa sig *kristna eingyðismenn* og það eru þeir sannarlega. Þeir trúu á og tilbiðja einn einasta guð, skapara alls, allföður. Þeir trúu á Krist, sem hinn mesta og bezta af sonum guðs og sendiboðum meðal mannkynsins. Þeir trúu grundvallar-atriðunum í kenningum Krists: að maðurinn verði hólpinn einungis með því að „gera vilja hins himneska föður“ að elskan til guðs og manna sje hið æðsta boðorð, og einhlýt þessa heims og annars.

Unitarar bera hinum gömlu kirkjum, hinum orpodoxa klerkalýð hið sama á brún, eins og Kristur bar á Farisea og skriftlærða á sínum dögum: „Þjer háfið ónýtt guðs lögmál (kristindóminn) með því að þjer kennið þá lærdóma sem eru mannaboðorð“. Það hefir líka nú nylega heyrzt mjög merklleg rödd frá einum af hinum ungu prestum lút. kirkjunnar hjer vestra, Sr. F. Bergmann. Hann segir í hinni drengilegu ritgerð sinni í „Sam.“: „Trúln og verkln“, að hver sem aðskilji trúna og verkln sá *myrði kristindóminn*. Með því það er aðal og einkennis lærdómur

lút. kirkjunnar, að maðurinn *rjettlatiz fyrir trúna*, án verka lögmálsins, þá er þar með viðurkennt, að lút. kirkjan sjálf hafi myrt kristindóminn. Sami höfundur bætir og því við, að trúin, eins og hún er hjá flestum löndum, trúin á frelsun og friðþægingu Jesú Krists, hafi „*ekki frelsað einu einustu mannsál*“. Þetta hvortveggja er og mín hjartans sannfæring. Eg er sannfærður um. að hin dauða og hálf-dauða trú meðal landa minna, er ekki að kenna spill. .gu þeirra og óguðleik, nje heldur neinum andlegum uppblæstri eða „Nihilismus“ heldur kirkjunni sjálfri, sem hefir dag- að uppi og orðið að steingerfingi, eins og nátttröllin. Hún hefir hvorki haft vit eða vilja til að fylgja með andlegum proska fólksins. Þessvegna hefir það vaxið frá henni og skilið hana eftir steindauða, liggjandi sem „lík í lestinni“. Kirkjan hefir gleymt því, að *hún er til orðin fyrir fólkid* (á sínum tíma) *en ekki fólkid fyrir kirkjuna*. Og það er enn ekki sýnilegt, að hún mnni láta sjer segjust fyrir en um seinan, fyr en hver einasti hugsandi maður er búin að yfir-gefa hana.

Vitaskuld, kirkjan stendur á því að hún kenni kristindóm þ. e. fari rjett með kenningar Krists, en Unitarar og aðrir frjálsir kristnir menn (þeir svokölluðu „vantrú-uðu“) segja þvert nei, og þeir sanna það með nýja testamentinu sjálfu, bara menn vildu taka eftir því, ef menn vildu gera sjer það ómak, að byggja trú sína á eigin rannsókn, eins og Páll býður, og euda prestar vorir gera kristnum mönnum að skyldu.

Þrenningar-lærdómurinn er einn af höfuðlærdómum orpodoxiunnar. Honum neita Unitarar gersamlega. Og til þess að landar míunir geti sjálfir skorið úr þrætunni í því efni, hefi eg þýtt ritgerð eftir Kr. Janson um það efni úr rannsóknarritum hans. er hann nefnir: „Har Orthodox-ien Ret“. í þeirri vissu von, að þorrinn af löndum mínum

sjeu svo andlega þroskaðir, að þeir geti sjeð sannleikann, þó hann gangi þvert í móti því, er þeim var kennt, er þeir voru börn, og þrátt þrír það að kirkjunnar menn fordæma hann.

Þess skal getið að sumstaðar er sleppt smáköflum í ritgerðinni: „Hvað kennir nýa testamentið um Krist?“ og seinasti kafli: „Hvernig hefir þrenningarlærdómurinn til orðið?“, er byggður sumpart á öðru en ritgerð Kr. Jansons og alls ekki nein þýðing af henni.

Unitarar vilja sameina alla kristna menn í eitt fjelag. Þetta vona þeir að takist, þegar búið er að reita burt allt það illgresi, sem orpodoxian hefir sáð í akur kristinnar. Þeir hafa svo óbilandi trú á sannleika þeim, er kristindómurinn hefir í sjer fólgin.

Unitarar segja velkomna í sitt fjelag, alla þá, sem vilja styðja að því, að efla *sannleika, rjettvísi og kærleika* á jörðunni, hverja trú sem þeir að öðru leyti hafa.

Björn Pjetursson.

F
s
s
D
u
E
a
k
(a
vj
ve
ar
fö
há
inn
ós
Ón
óm
ur
ekl
eru
ósk
inn
alm

UM ÞRENNINGARLÆRDÓMINN

—og—

GUÐDÓM KRISTS.

I.

Eigum vjer að trúa á þrjá guði eða einn guð?

Það kirkjulega játningarrít, sem fyrst sló fóstum þrenningarlærdóminum, er „symbolum athanasicum“, svo nefnt eptir Athanasius biskupi, jafnvel þótt það sje miklu seinna en hann var og fyrst samið á 6. öld. Þar stendur: „Sjerhver sem vill hólpinn verða hlýtur umfram allt, að hafa hina rjettu, kristilegu trú. Hver og einn sem ekki hefir hana heila og ómengaða, mun efalaust glatast. En þetta er hin rjetta kristilega trú, að vjer tignum einn guð í þrenningu (af persónum) og þrenninguna í einingu, þannig, að vjer hvorki blöndum saman persónunum, nje aðskiljum veruna. Ein er, sum sje, persóna föðursins, önnur sonarins, enn önnur hins heilaga anda. En guðdómur föður, sonar og heilags anda er einn, dýrðin jafnmikil, hátignin jafn eilff. Eins og faðirinn er, svo er sonurinn, svo er hinn heilagi andi. Óskapaður er faðirinn, óskapaður er sonurinn, óskapaður hinn heilagi andi. Ómæligur er faðirinn, ómæligur er sonurinn, ómæligur hinn heilagi andi. Eilffur er faðirinn eilffur er sonurinn, eilffur hinn heilagi andi. Og samt eru ekki þrír eilffir, heldur einn eilffur. Eins og að ekki eru þrír óskapaðir, eða þrír ómæligir, heldur einn óskapaður og einn ómæligur. Á sama hátt er faðirinn almáttugur, sonurinn almáttugur, hinn heilagi andi almáttugur, og samt eru ekki þrír almáttugir, heldur

einn almáttugur. Þannig er faðirinn guð, sonurinn guð, hinn heilagi andi guð, og samt eru ekki þeir guðir, heldur einn guð o. s. frv.”.

Þá er eg les þetta, verður mér allt að einu eins og of einhver segði við mig: „Það er nú svart að tarna, en samt er það ekki svart, heldur hvítt”. Það er að segja, s. inbolum athanasíum er keðja af mótsögunum, sem viljandi eru settar gagnvart hver annari, án nokkurs snefils af sönnunum, blátt áfram með því bodi: „Þessu átt þú að trúna, ef þú villt hólpinn verða”, því þetta ógurlega skjal byrjar og endar með því að lýsa þá alla niður til helvítis, sem ekki vilja trúna þessu. Þetta skjal hefir verið eldibrandurinn, sem upp hefir kveikt öll hin blóðugu trúarstríð, það er blóðugt, það hefir verið búlvan kristinnar, og það er skömm, að það skuli enn finnast meðal játningarríta nokkurs kristins fjelags. Meun hafa reynt að sveipa þetta skjal eins konar helgi, og þó er alls engin helgi við það, önnur en sú, að það er merkileg, söguleg sönnun fyrir því, hve mikið af guðfræðislegu bulli hinn kristni heimur gat þolað á þeim tímum. Og samt hefir þessu játningarríti fyrir hinn loganda, ógnanda helvítis brand, er það hefir lagt við hlið sjer, tekizt að þreugja sjer svo fast inn í meðvitund kristinna manna, að það sýnist nærri óbifanlegt.

Sje móti því mælt, þá er svarið: „Þetta er allt að kenna mannlegri skynsemi, sem ekki getur gripið guðlega leyndardóma”, í staðinn fyrir að segja blátt áfram: „Þetta er kirkjupingunum að kenna, sem í trúarofsa sínum hafa hnoðað saman þvílíku bulli”. Án minstu sönnunar, er út frá því gengið, að trúarjätning Athanasíusar sje guðlegt leyndarmál, í stað þess, að það er smíðisgripur óhemjulegs trúar-ákafa, til búinn í góðu

skyni. Það er alls ekki meining mín, að mannleg skynsemi sje óskeikandi dómari yfir öllum sannleika, þannig, að maður eigi engu að trúna nema því, er maður geti skilið eða sannað eins og reikningsdæmi. Mannleg skynsemi viðurkennir fúslega, að margir hlutir eru henni óljósir, eru æðri en svo, að hún, að minsta kosti ekki að sinni, geti gripið þá, og að hún fúslega beygi sig fyrir þeim hlutum, sem eigi gefa til kynna neitt ósennilegt og því síður ómögulegt. Eitt er það samt sem út frá má ganga sem vísu, hvort heldur sem um er að ræða guðleg eða maunleg sannindi, og það er, að *mótsögn er ætíð merki um villu*. Mótsögn er merki hringlanda og lýgi. Svart getur ekki á sama tíma verið hvítt, fremur en *einn* getur verið *þrjú* eða *þrjú* *einn*. Men þera fyrir sig orð Páls um að taka skynseminu fangna undir hlýðni við trúna,— öldungis rjett, það er einn það, sem skynseminu vill gera, þar sem hún sjer óglögg, en líkurnar þó benda í sömu átt og trúin. En Páll biður oss samt ekki að *drepa* skynseminu, en það vilja þeir láta oss gera, sem heimta að vjer skulum trúna þrenningarlærdóminum samkvæmt játuungarskjali Athanasiasar. Það væri andlegt sjálfsmord, og til þess ræður ekki Páll. Hvar mundi lenda, ef maður bæri þessi orð postulans fyrir hvern hjegóma er heimskum manni kynni í hug að detta? Vjer stæðum þá verjulausir fyrir hinum mest hringlandi vitleysum allra trúarfjelaga. Því þá, er vjer berum fyrir oss ástæður *skynseminuar, sögunnar eða vísindanna*, þurfa þeir aðeins að segja: „Já, en þetta er guðlegur leyndardómur”. Og, þá er vjer, sem efumst um sannleika þessa guðlega leyndardóms, erum slegnir með því, að hið „náttúrlega sinni eigi skilji þá hluti sem heyra til guðsríki”, ganga þeir ætíð út frá því sem sjálfsögðu,

að þeir sjálfir hafi guðs anda, en vjer hið náttúrlega sinni. Mundi eigi einatt hið gagnstæða eiga sjer stað? Hinn guðlegi leyndarbómur getur legið fyrir ofan skynsemi vora, en aldrei verið *gagnstæður* skynsemi vorri, aldrei verið mótsögn, því þá mundi guð tortýna sjálfum sjer. Guð er hin eilífa skynsemi, og skynsemi vor er endurskin, partur af skynsemi hans. Forvígismenn preningarlærdómsins, trúa og bókstaflegum innblæstri ritningarinnar, og því berjast þeir vanalega með ritningarstöðum; en þar bregst þeim bogalistin, hvað sönnunum viðvíkur. *Drenningarlærdómurinn finnst hvergi nokkursstaður nefndur á nafni í ritningunni, hvorki beinlínis nje óbeinlínis.* Fyrst og fremst nafnið *þrúeining*, finnst það nokkursstaður í ritningunni? Nei, ekki á einum einasta stað. Þeir, sem berjast fyrir þessum lærdómi, hljóta sjálfir að játa, að nafnið er manna verk. Hið sama er að segja um orðið „*guðmaður*“, það finnst heldur ekki í ritningunni. Og þá sjálfur *lærdómurinn*. Finnst hann kenndur á nokkrum stað í gamla eða nýja testamentinu? Ekki á einum einasta. Það er einungis einn, hinn alkunni staður í brjefi Jóhannesar (1. Jóh. 5, 7.) sem *sýnist* lúta að þessum lærdómi, það eru orðin „og þrú eru þeir, sem vitna á himnum: faðirinn, sonurinn og hinn heilagi andi og þessir þrú eru eitt“. En allir, jafnvel hinir ákúfustu framhaldsnenu preningarlærdómsins, játa, að þessi staður sje *falsður*, og eigi *ekki heima í nýja testamentinu*. Hann finnst ekki í mörgum grískum handritum af brjefi Jóhannesar, jafnvel þó höfundurinn ritaði á grísku. Síðar, eftir að preningarlærdómurinn var upp fundinn, hefir þessum stað verið smeygt inn í *latneska* þýðingu, og þar er hann aðeins ritaður utan við á kantinn. Þó að Lúter gerði enga breyt-

ingu við páverandi skoðun á þrenningarlærdóminum var hann samt svo reiður við þenna stað, að hann fyrst og fremst sleppti honum úr biblíupýðing sinni, og lýsti því næst, alla þá í banni, sem dirfdust að taka hann upp aftur. Samt sem áður, smeygðu lúterskir guðfræðingar honum inn aftur 24 árum eptir dauða Lúters, og enn er hann prentaður í biblíu-pýðingum vorum, þó hann í sumum sje settur á millum sviga. Meira að segja, í katekismus þeim, sem út er gefinn af hinni norsk- lútersku synodu, stendur þessi staður sem einasti ritningarstaður um guð, þessi eini staður, sem vitanlega er falsaður, og sem útgefendurnir *vita að er falsaður*. Þeir, sem annars eru svo ósparir á ritningarstaði, hafa samt, þar sem um guð er að ræða, ekki fundið neitt í ritningunni, er þeim þótti þess vert, að innræta það börnunum, nema þenna stað, sem ekki til heyrir biblíunni. En sjá, þeir þurfa með þessa staðar, þar sem um þrenningarlærdóminu er að gera, því þeir hafa engan annan, og hugsa því eins og Jesúítar: „Tilgangurinn helgar meðalið”. Og þannig finnum vjer, þann dag í dag, presta og guðfræðinga standa með köldu blóði og tilfæra þenna stað, sem ritningarlega sönnun fyrir þrenningarlærdóminum, enda þótt þeir viti, að hann er falsaður; þeir treysta því, að söfnuðurinn sje svo ófróður, að hann ekki viti þetta. Þetta lýsir eigi mikilli siðavendni innan kirkjuveggjanna. Hin nýja ensk-ameríska pýðing hefir líka orðalaust, fellt úr þenna stað.

Nú er að skoða þá staði í ritningunni, sem til færdir eru sem sannanir fyrir þrenningarlærdóminum af þeim, er halda honum fram. Fyrst eru þá tveir ritningarstaðir, þar sem faðirinn, sonurinn og hinn heilagi andi eru nefndir saman. Það er skírnar-formúlan

hjá Matteusi (28, 19.): „Farið og gerið allar þjóðir að mínum lærisveinum, skírándi þær í nafni föður, sonar og heilags anda”. En finnst þá í þessum orðum nokkur stafur um þrenningu eða þrífningu? Er þar sagt, í fyrsta lagi, að þessi þrjú nefndu nöfn tákni þrjár persónur? Ekki með einu einasta orði. Er þar sagt, að þessir þrír til samans sjeu einn guð? Ekki með einum staf. Er þar sagt, að hver þeirra sje guð? Ekki með einu orði. Er þar sagt að þessir þrír nefndu eigi að tilbiðjast? Ekki með einum staf. Degar nú að þessi ritningarstaður, hvorki gerir úr þessum þrem nefndu (nöfnum) þrjár persónur nje *eina* persónu, eða gerir þær *jaðnar* hver annari, eða að guði—hvað á þá þessi staður við þrenningar lær-dóminn? Það er aðeins af gömlum vana, af því, að því hefir verið troðið í oss frá barnsbeini, að þessi staður eigi að tákna þrenninguna, að vjer lítum þannig á hann. Gætum þess, að það stendur þar hvergi, sem hin lúterska kirkja hefir leyft sjer að fyrir skipa, að börnin skuli skírást í nafni *guds* föður, og *guds* sonar og *guds* heilags anda; þar stendur aðeins: Í nafni föður og sonar og heilags anda. Og þess þegna, þá er hinir lútersku prestar taka guðfeðginin til vitnis um, að börnin sjeu skírást í nafni heilagrar þrenningar, þá er það ósatt, því börnin eru aðeins skírást í nafni föður og sonar og heilags anda, ef skírárformi ritningarinnar er haldið. Þar sem nefnt er nafn föður, sonar og heilags anda, í skírárformúlunni, þá er það sökum þess, að þar með eru meintir hinir þrír meginstólpar hinnar kristnu trúar: faðirinn sem vor *guð*, er á að tilbiðjast, sonurinn, sem hans *sendibóði* til vor eða *tálkur*, og *andinn*, sem sá guðs kraftur, er vjer fyllumst af þá er vjer nálgumst

hann, en un þrenningu stendur þar ekkert orð, og gat ekki staðið neitt orð, því sá hlutur var þá ófundinn, er skírnarformúlan var samin.

Allt hið sama á við um hinn annan ritningarstað, er til færður er, 2. Kor. 13, 13, hin svo nefnda postullega blessan: „Náðin vors herra Jesú Krists, gnds kærleiki og sameining heilags anda veri með yður öllum”. Mjer er óskiljanlegt, að þessi staður geti notast sem sönnun fyrir þrfeiningunni, því það er svo langt frá, að hennar sje getið, að henni er beiðnis *neitað* með því að hjer stendur ekki, eins og á fyrri staðnum: faðirinn, sonurinn og andinn, heldur: Jesús Kristur og — þá sem, honum frá skilinn — guð. Dess vegna getur Jesús Kristur ekki verið hið sama og guð. Ef það væri nokkur sönnun, að faðirinn, sonurinn og andinn eru nefndir samhliða, þá yrðu englarnir líka að vera þrenningar meðlimir, því englar eru *oftar* nefndir með föður og syni, heldur en andinn og það í hinum háttíðlegustu særingum. Þannig stendur í 1. Tím. 5, 21: „Eg særi þig fyrir augliti guðs, og drottins vors Jesú Krists, og útvaldra engla”. Hjá Lúk. 9, 26, segir Jesús: „Hver sem skammast sín fyrir mig og mín orð, fyrir hann skal mannsins sonur skammast sín, þá er hann kemur í dýrð sína, og í dýrð föðursins og hinna heilögu engla”. Hjá Mark. 13, 32, segir Jesús, að um hinn efsta dag vita „hvorki englar á himni, nje sonurinn, og enginn nema faðirinn einn”.

Eg þekki ekki til fleiri staðaf nýja testamentinu en þeirra tveggja, er eg hef þegar á minnst, er til færðir sjeu sem *beinlínis* sönnun fyrir þrenningar-lærdóminum, en í þess stað hafa menn verið því ákafari að snudra upp sönnunar-staði í gamla testamentinu; en

þeim er þannig varið, að maður getur valla að sjer gert að brosa, þegar þeir eru nefndir. Með því að guð birtist Móses sem Abrahams guð og Ísaks guð og Jakobs guð, hafa menn álitíð það sem sönunun syrir þrenningar-lærdóminum. Þar sem í Serafa söngnum er svo að orði komist: „Heilagur, heilagur, heilagur er drottinn zebaot!” Þá sjá menn þar aðra sönnun; en þá ætti engu síður hið ætíð tvítekna: „drottinn, drottinn”, að vera sönnun fyrir tvenningu (tveiningu) en ekki þrenningu, eins og líka, á sínum tíma, var sagt innan kirkjunnar; því aldrei finnum vjer „drottinn” þritekið. Einnig hafa menn þózt finna bendingu um þenna „leyndardóm” í orðum Jahves (Jehova) í sköpunarþókinni „látum oss gera manninn í vorri líkingu”, (1. Mó. 1, 26; það er orðtæki, sem hver ein smá „hátign” getur við haft, án þess að verða grunuð um þreiningu. Vilji menn hanga í þessum stað bókstaflega, hlyti hann öllu heldur að vera sönnun fyrir því, að til sjeu fleiri guðir (s. b. staði sem 1. Mó. 3. 22; 11, 7.) Einnig hafa menn skilið svo söguna um hina 3 menn, er heimsóttu Abraham í Mamra lundi og fengu kálfssteik í beina, sem væru þeir hinar þrjár persónur í guðdóminum. Einn þeirra hjelt áfram að spjalla við Abraham, hinir tveir gistu hjá Lot, og það var til að frelsa þessar tvær persónur í guðdóminum, að Lot bauðst til að ljá hinum lostafulla skríl tvær dætur sínar. Það er sjálfsagt, hvað kemur út af því líkum skfringum.

Þó að vjer þannig árangurslaust leitum að ritningarstóðum í biblíunni, er sanni þrenningarlærdóminn, þá þurfum vjer sannarlega ekki lengi að leita að þeim, sem eru honum alveg gagnstæðir. Því sú kenning, að faðirinn *einn* sje guð, er kennd svo greini-

lega, sem orðum verður að komið. Eg skal til færa aðeins fá dæmi. Hjá Jóh. 17, 3, stendur: „Þetta er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn *einasta sanna guð*, og þann, sem þú sendir, Jesús Krist”. Þetta er tekið úr hinni svo nefndu ypparsta-prestlegu bæn, og einungis sá hlutur, að Jesús *biðst fyrir*, er nægur til að sanna, að hann er ekki guð; því guð biður ekki nokkurn æðri, af því sá er enginn til.

Í 1. Tím. 2, 5, stendur: „Einn er guð, og einn er meðalgangarinn milli guðs og manna, *maðurinn Jesús Kristur*”. Sá, er þetta ritaði, getur ekki hafa vitað neitt um þrifeininguna.

Í fyrsta Kor, 8. 6, stendur: „Svo höfum vjer þá einungis einn guð, föðurinn, af hverjum að eru allir hlutir og vjer í honum, og einn drottinn, Jesús Krist, fyrir hvern að eru allir hlutir og vjer fyrir hann”. Hjer má sjá hina glöggustu línu dregna millum hins eina guðs og Krists.

Í Efes. 4, 5—6 stendur: „Einn drottinn, ein trú, ein skír, einn guð og allra faðir, sem er yfir öllum, um allt og í yður öllum”. Hvað getur postulinn Páll meint með því að skilja vörn „drottinn” (Jesú Krist) frá hinum eina guði, allra föður, annað en það, að guð sje æðri Jesús, eða, með öðrum orðum, að Jesús sje ekki hið sama og guð, ekki neinn annar. líður í guðdóminum.

Að *guðdómur Jesú Krists sje ekki kenndur í nýja testamentinu*, heldur að sá lærdómur sje smátt og smátt upp kominn innan kirkjunnar fyrir samslenging við heiðingja grublanir, skal eg reyna að sanna í tveim eftirfylgjandi ritgerðum.

Nú ætla eg að víkja að hinni svokölluðu þriðju persónu í guðdóminum, hinum heilaga anda. Það sjezt

glögggt af orðatiltækjum í nýja testamentinu, sem höfð eru um heilagann anda, að hann er ekki skoðaður sem persóna, þó hann sumstáðar sje gerður að persónu, það er að segja lýst með *persónulegri mynd*. Það er talað um, að heilagur andi skuli *úthellast, gefast* í fullum mæli, að vjer skulum *skírast* með honum, *tyllast* af honum. Þessi orðatiltæki verða eigi höfð um neina persónu (Matt. 3. 11; P. G. 10, 44 o. fl.). Jafnframt huggara eða talsmanns hugmyndinni, þar sem kraftur andans er gerður að persónu, finnum vjer andann táknadann sem dúfa, smirzli, dugg, brunn, vedgrip, (pant) band, guðs fingur-orðatiltæki, sem óhafanda væru, ef höfundurinn skoðaði hinn heilaga anda sem þriðju persónu í guðdóminum.

Dá er postulinn Páll komin til Efesus, fann hann þar nokkra kristna menn, og spurði, hvert þeir hefðu meðtekið heilagann anda, er þeir tóku trú; en þeir svörðu: „Vjer höfum ekki einu sinni heyrt að heil. andi væri til”. P. G. 19. 2. En væri heil. andi eitt með föður og syni og *sjálfur* guð; og væri það nauðsynlegt skilyrði fyrir sáluhjálp þessara manna, að þeir vissu þenna leyndardóm, eins og tekið er fram trúarjátning Athanasiusar, þá væri það undarlegt, að þessir kristnu menn skyldu eigi hafa heyrt þann hlut nefndinguna hafi eigi verið kunn á dögum postulanna. Nes, heilagur andi var boðaður sem kraftur guðs, guðs andi á sama hátt, eins og vjer tölum um anda mannsins. Guðs andi er guð sjálfur allt að einu eins og andi mannsins er maðurinn sjálfur. Hann er ekki fremur nein sjerstök persóna heldur en andi mansins er sjerstök persóna. Vjer sjáum líka í 2. Kor. 6, 6 að „heilagur andi” er nefndur innan um aðra óper-

ntinu, sem höfð
ki skoðaður sem
ður að persónu,
ri mynd. Það
úthellast, gefast
st með honum,
ða eigi höfð um
10, 44 o. fl.).
gmyndinni, þar
u, finnum vjer
dögg, brunn,
eki, sem óhaf-
heilaga anda

fann hann þar
ir hefðu með-
en þeir svör-
að heil. andi
andi eitt með
að nauðsyn-
nna, að þeir
r fram trúar-
egt, að þessir
hlut nefnd-
um þrfein-
postulanna.
raftur guðs,
n um anda
að einu eins
ann er ekki
andi mansins
Kor. 6, 6
aðra óper-

sónulega krafta, t. d. hreint lífferni, þekking, lang-
lundargeð o. s. frv., og í þriðju grein trúarjátning-
arinnar er heil. andi settur samhliða við heilaga, al-
mennilega kirkju, syndanna fyrirgefningu, holdsins
upprisu og eilíft líf—allt saman ópersónulega hluti.
Það var og fyrst á kirkjuþinginu í Konstantínópel
381, að það varð lögboðin trúargrein, að hinn heil.
andi væri persóna samrar veru og faðirinn og sonur-
inn, og skyldi tilbiðjast eins og þeir, það er fyrst
eftir að kirkjan hefir staðið næstum 400 ár. Fyrir
þann tíma vissi kirkjan almennt ekkert um þenna
lærdóm, sem eigi er undarlegt, með því að hvorki
guðspjallamennirnir nje postularnir, nje heldur, munn-
mæli höfðu neitt um hann að segja. Mennt skoðuðu
heilagann anda sem guddómlegan kraft, er verkaði
heilagt líf hið innra með mannum. Jafnvel Lactant-
ius kirkjufaðir, hinn kristni Cicero, eins og hann var
nefndur, sem skrifað hefir hina fyrstu vestlenzku trúar-
fræði (dogmatík) hafði enga aðra skoðun á andanum
en þessa. Hann dó 338. Í trúarfræði hans finnst ekki
orðið þrfeining heldur aðeins tvífeining, með því að
menn um þær mundir höfðu eigi komið lengra en svo,
að gera Krist að guði. Hann segir: „Faðirinn og
sonurinn eru einn einasti guð; því bæði er hver um
sig eins og þeir tveir, og þeir tveir sem einn. Þar
sem að skynsemi og vili annars er í hinum, eða
öllu heldur er hið sama í báðum, þá má með öllum
rjetti kalla hinn *eina* guð *tvennan*“.*

Þar á móti bryddi snemma á því innan kirkjunnar,
ar, að ýmsir menn, er vildu reyna að samþýða krist-
indóminn sínum heidinglegu skoðunum, gerðu andann

*) Tekið eptir bók Rydbergs.

að persónu og ljettu hann eiga sæti í guddómlegri
þrenningu, sem þeir að dæmi hins gríska heiðingja,
Platós, þjuggu til án þess að kenna neina *þrenningu*.
Justinus Martyr (†166) var einn hinn fyrsti, sem þvjr-
aði á þessu, og hann hafði líka áður verið heiðinn
spekingur. Hann hugsaði sjer heil. anda sem *skap-*
ada, englum skylda veru. Origenes (†254) gerði and-
ann og að persónu, og gaf honum sæti ofar öllum
englaheimi, en var fjærri því að hugsa sjer hann sem
guð. Hann skoðaði heldur ekki soninn sem guð.
Hann segir: „Eins og guðs sonur og hinn heilagi
andi eru óviðjafnanlega hafðir yfir allt annað, jafnvel
yfir efstu stig anda heimsins, jafnmikið, já, enn meir er
faðirinn hafinn yfir soninn sjálfan“.* (Ath. við Jóh.).
Sá fyrsti sem hefir innleitt í trúarfræðina orðið „*þr-*
eining“, var meðal hinna *gríska* fedra Theophilus frá
Antfokíu, meðal hinna *latnesku* Tertullianus, (†220);
en samt var langt fjærri hinum síðar nefnda, að skoða
þetta mál á sama hátt og trúarjátning Athanasíusar.
Hann kenndi, að sonurinn hefði ekki verið til frá eilífð,
heldur að hann væri til orðinn í *tímanum* sem vera.
Þannig segir hann í riti sínu móti Hermogenesi:
„Jafnvel þó guð hafi ætíð verið guð, hefir hann samt
ekki ætíð verið faðir og dómari. Sú var tíðin, að
hvorki var til sonur nje syndarar, sonurinn, sem al-
einn gerir guð að föður, syndarar, sem einir gera
guð að dómara“. Sú kenning, að sonurinn væri und-
irgefin vera, óæðri vera en faðirinn var drottandi á
fyrstu öldun kristnihnar. Af því er ljóst, að þá vissu
menn ekki neitt um neina þrenningu samkvæmt trúar-
játning Athanasíusar.

*) Tekið eftir bók Rydbergs.

Hinn lærði Huet, sem þó trúir á preningarlær-
dóminn, má til með að játa, að svo seint sem á dögum
Basiliusar (á miðri 4. öld) jafnvel enn seinna, dirfist
ekki hin katólska kirkja opinberlega að kannast við
guddóm andans. Kirkjufaðirinn, Basilius hinn mikli
getur þess, að hinir gömlu feður þögnu fram af sjer
spurninguna um andann og að þeir, sem á hans dögum
játudu guddóm hans, voru dæmdir fyrir inuleiðslu nýrra
trúargreina í þessum efnum.

Ef vjer nú gætum að orðalagi nýa testamentisins,
hvernig að þeir sem þar tala og starfa, koma fram
gagnvart Kristi og gagnvart guði sínum, mun það
verða ljóst, að hvorki Gyðingar, postular, nje hinir
fyrstu kristnu menn höfðu neina hugmynd um þrfein-
ingu eða preningu; t. d. Páll. Hann byrjaði á því,
eins og vjer vitum, að ofsækja þá kristnu, af því hann
hjelt að Jesús væri svikari. Svo snerist hann allt í
einu til kristni. Hefði hann þá heyrt eða vitað nokk-
uð um, að þessi Jesús væri allur hinn sami og Jahve,
guð Gyðinga, þá hefði hann ugglauast ekki leitt hjá
sjer að þrjedika þetta aftur og aftur. og samt gerir
hann það aldrei, samt virðist honum guðlast að vilja
kannast við nokkurn annan guð en föðurinn, og samt
gerir hann ætíð hinn mesta mun á guði og Jesú. „Eg
beygi knje fyrir föður drottins vors Jesú Kristis”.
Blessaður veri guð, faðir drottins vors”. „Hugsíð til
mín í bænum yðrum, að guð drottins vors Jesú Kristis,
dýrðarinnar faðir, megi gefa yður vizku anda”. Þetta
allt eru orð Páls, svo vjer sjáum hvern hann til það,
nl. hinn eina guð, föður sinn og Jesú, en alls ekki
Jesú sjálfan í þeirri meiningu að hann væri sama og
guð, hið sama og faðirinn. Í brjefum Páls eru margar
lofgerðir til guðs ætíð um hina einu persónu, guð

föður, en aldrei um neinn þrfeinan guð. Í nýja testam-
 eru um 28 lofgerðir til guðs; í þeim hefðum vjer mátt
 búast við að heyra þrenningarinnar getið, ef hún hefði
 til verið. Hún finnst ekki á *einum einasta* stað. Það
 finnst hin hlýlegustu þakklætis, kærleika og lotningar
 orð stíluð til Jesú sem vors frelsara sem merjanda högg-
 ormsins, á jörðu komins, en ekki eitt einasta, er gefi
 í skyn, að hann sje hið sama og guð almáttugur.
 Sjálfur Jesús tilbiður föðurinn, en aldrei sjálfan sig,
 sem hann þó hefði átt að gera og kenna, ef hann var
 allur eitt og guð í þeim skilningi, að hann væri hin
 önnur persóna í guddóminum. Orðtak postulanna var
 þetta! „Gefið ætíð þakkergerðir guði föður fyrir
 Jesú Krist.

Og hvernig hegðuðu postularnir sjer við Jesú?
 Menn segja sum sje, að Jesús bæði með orðum sínum
 lífferni sínu og kraftaverkum hafi berlega sannað, að
 hann væri guð; eftir því hefðu lærisveinarnir átt að hafa
 skilið það, fyrst það var svo ljóst. Setjum nú að læri-
 sveirarnir hefðu álitíð hann að vera þann óendanlega
 Jahve sjálfan, þeirra feðra guð, er þeir frá barnæsku
 voru vanir að tilbiðja með skjálfandi lotningu, stiginn
 til þeirra á jörð niður. Mundu þeir hafa getað um-
 gengizt hann svo frjálslega og þeir gjörðu? Mundi
 Pjetur hafa þorað að átelja og ávíta hann? Júdas að
 svíkja hann? Allir að yfirgefa hann? Ómögulegt,
 fullkomlega ómögulegt. En hluturinn var, að þeir
 höfðu enga hugmynd um þrenningu, nje guddóm Jesú;
 hún gat ekki rúmast í heila Gyðinga, sem höfðu svo
 óbifandi trú á hinum óendanlega guði sínum; það hefði
 verið afturhvarf til heiðni. Ef Jesús hefði sagt eitt
 einasta orð í þá átt, að hann væri sama og Jahve, hve
 feginsamlega mundu eigi Gyðingar hafa hent það og

ð. Í nýja testam.
hefðum vjer mátt
etið, ef hún hefði
nasta stað. Það
rika og lotningar
merjanda högg-
t einasta, er gefi
guð almáttugur.
drei sjálfan sig,
na, ef hann var
hann væri hin
postulanna var
ði föður fyrir

sjer við Jesú?
ð orðum sínum
ega sannað, að
rnir átt að hafa
um nú að læri-
nn óendanlega
frá barnæsku
ningu, stiginn
fa getað um-
rðu? Mundi
? Júdas að
Ómögulegt,
var, að þeir
uðdóm Jesú;
m hefðu svo
am; það hefði
fði sagt eitt
g Jahve, hve
ent það og

notað, þá er þeir leituðu falsvitna á móti honum, en þeir gátu það ekki, því hann hafði aldrei sagt neitt þess-
háttar. Ypparsti presturinn reif klæði sín af skelfingu
yfir því, að hann vildi gefa sig út fyrir hinn eftir vænta
Messias, en ekki fyrir það, að hann segðist vera guð.
Og seinna, þegar Gyðingar ofsóttu kristna menn—já,
þá höfðu þeir ótal ákæror á hendur þeim: að þeir
hefðu talað háðsmánleg orð gegn musterinu í Jerús-
em og lögmalinu, að þeir vilðu kollvarpa trú feðra
sinna, að þeir vildi fylgja þeim sem drottni, er liðið
hefði óbótamanns dauða á krossinum, o. s. frv., en aldr-
ei gáfu þeir þeim að sök, að þeir tilbæði Jesús eins
og guð, eða boðuðn hann sem guð. Ef þeir nú með
sönnu hefðu getað hafið þá sök á hendur þeim kristnu,
að þeir kenndu það, að sá Jesús af Nazaret sem Gyð-
ingar höfðu krossfest, væri Abrahams, Ísaks og Jakobs
guð, gætum vjer ímyndað oss hvíllik ósköp þá hefðu far-
ið út undir Gyðinga; enginn hlutur hefði eins getað
æzt þá gegn hinni nýu trú. En vjer finnum ekkert
af þessu af þeirri einföldu ástæðu, að kenningin um
þrfeininguna eða þrenninguna var með öllu ókunn hin-
um fyrstu kristnu mönnum.

En hvernig vskur því þá við, að þessi kenning hefir
fengið innngöngu í kirkjuna. Það er auðvelt að sjá,
ef maður gætir að sögunni. Heiðingjar, og það vel
menntaðir heiðingjar, streymdu inn í kirkjuna, vegna
þess að gleðiboðskapurinn fullnægði hinum dýpstu löng-
unum þeirra, og gaf þeim svar uppá það, er þeir innst
í hjarta sínu höfðu eftir þráð. Margar djúpar, andrfr-
ar hugsanir um leyndardóma guðdómsins höfðu sprött-
ið upp hjá heiðingjum, og þessa þrá og þessa æfingu
trúarlegum grufunum fluttu þeir með sjer inn í
kristnina. Hinn eini, óbreytanlegi guð Gyðinga þótti

þeim kaldur vera; þeir tóku til að ríða um hann net af gruflunum. Þrá eftir því leyndardóms-fulla og undarlega gekk eins og landfarsótt um þær manndir. Deir fundu ýmsa óljósa staði í gamla testamentinu, sem þeir þýddu sem spádóma eða grun um þá þrenningu (ekki þræiningu) sem Plato, heimspekingur þeirra, hafði þegar fundið. Deir stóðu á því, að skilningur þeirra á guddóminum sem þrenningu væri æðri og fullkomnari en eining Gyðinganna. Það lá í anda þeirra tíma að styðja og fullkomna þessa hugsun, sem þá fór æ lengra og lengra, þar til að hún eftir nærri 400 ára streytu fuligerðist og festist sem kenning um þræiningu. Eins og allir nýir lærdómar, sem hafa átt mjög úrðugt uppdráttar, varð þessi nýa lærdómsgrein óskabarn kirkjuemar. Deir vörðu og veruduðu hana með því að hóta ævaranda helvítis þislum hverjum þeim, er ekki vildi trúa henni. Með valdbóði komst hún inn í kirkjuna, með ógnun um helvítis kvalir var henni við haldið, þar til að hún var orðin svo að vana, svo inn fljettuð í kirkjureglur, (Liturgi) sálmabók, hátíðisdaga, að svo sýndist sem hún hlyti að verða óbifunleg um aldur og æfi. Og samt hafa allan þenna tíma verið hugsandi menn, sem hafa fastlega inælt í nóti, og heimtað aftur hina upprunalegu kenningu kirtindómsins um hinn eina gæð og þann sem hann sendi Jesú Krist—í fyrstunni heilar þjóðir, eins og feður vorir, Gautarnir, en þeir voru afnáðir, eða þeim var snúð með eldi og stáli; því næst, einstakir framúrskarandi, hugdjarfir menn, en þeir voru annað hvort brenndir eða hálshöggvir, og minning þeirra brennimerkt fyrir komanda kynslóð.

Þannig hefir kirkjan varið og verndað heiðindóm sinn, þrenninguna. Menn þora ekki nú að brenna eða

hálshöggva þá, sem vilja trúa einum guði og boða einn guð í stað þriggja; en samt hefir kirkjunní tek- izt að berja þessa trúargrein svo fast inn í gamla menn sem unga og sveipa hana þvílíkum lotningar ljóma, að eg þekki marga, sem ekki þora að sleppa henni, jafn- vel þótt þeir megi þúsundsinnu til með að játa með sjálfum sjer, að mótmælandinn hafi í rauu og veru rjett fyrir sjer, og þá í rauninni iangi til að trúa á einn guð og son hans, sendan til vor. Í hinni skandinav- isku, lútersku kirkju hefir þrenningar lærdómurinn efsta sætið. Í hverri kollektu, sem lesin er á sunnu- dögum, er hinu þreina guði slegið föstum. Þren- ningar-lærdóms sýran gengur gegnum alla sálma vora, allt ríftal vort. Einn sunnudagur, þrenningar-hátíð- in, er helgaður minningu hennar, og menn reikna svo og svo marga sunnudaga fyrir eða eftir Trinitat- is. Það er því enginn hægdarleikur að þoka henni, hversu góð rök sem til eru færð, einkum meðal Skand- inava (Norðurlanda-búa) sem hingaðtil hafa staðið eins og ónnyndug börn undir stjórnar-valdi presta sinna, án þess að þora að lesa, hugsa eða tala sjálfstætt. Þeirra trúarbrögð eru að mörgu leiti fremur ótti fyrir heivfti en elska til guðs.

En sje þrenningar-lærdómurinn ekki kristindómur, ekki sannleiki, hvað kemur þá til, að svo margir hafa trúað og trúu honum enn? Þannig spyrja margir. Hvað ætti maður að segja um siðabót Lúters, ef sannleikurinn væri ætíð meirihluta megin? Hann stóð hjer um bil einn uppi, er hann hóf hríðina gegn páfa- dómnum. Sú var tíðin, að allur heimur trúði því að jörðin væri flöt en ekki hnöttótt. Öttum vjer að ráða af því, að jörðin sje í raun og veru flöt? Allur nyfundinn sannleiki verður að ryðja sjer braut frá

minnhlutanum, þar til hann verður viðurkenndur. Og hve margur sannleiki hefir ekki orðið fyrir því, að vera barinn niður, brotinn niður, þar til ekkert lífsmark sýndist með honum. En svo raknar hann við aftur, og gerir nýja tilraun til að komast að raun um, hvert hans tími sje nú ekki kominn, eins og hinn gamli sannleikur um hinn ódeililega guð hefir gert.

Eg held, þar að auki, að enginn sje með þrenningar-lærdóminum af *öllu hjarta*. Menn geta af hjarta elskað guð, föður, og Jesú sem guð, og heil. anda sem guð, en menn eru ekki elskir að þeirri hugmynd eður trú, að þessir þrjú sjeu eitt. Í reyndinni verður þrífeningar-trúin á þá leið, að menn í raun og veru trúa á þrjú guði, eður þrennskonar opinberanir af hinum sama guði—sem hvort um sig hefir verið dæmt sem villulærdómur bæði af trúarskjali (symbólum) Athanasusar og kirkjupingunum.

Eg skal geta þess, sem kirkjusögu-ritarinn, Neander, segir um þrenningar-lærdóminn. „Þrenningar-lærdómurinn á ekki heima í grundvallar atriðum kristinnar trúar, sem er ljóst af því, að hann er hvergi berlega kenndur á einum einasta stað í nýja testamentinu, því sá eini staður, þar sem það er gert, í setningunni um þá þrjú, er vitna (1. Jóh. 5, 7) er vafalaust falsaður“*.

*) Trúar og kirkjusaga 1. bl. 984—85.

HVAÐ KENNIR NÝA TESTAMENTIÐ UM KRIST?*

II.

Að svara þessari spurningu mætti virðast auðvelt fyrir alla, sem nokkuð eru kunnugir nýa testamentinu. En samt er það engan veginn svo auðvelt. Menn geta lesið og lesið með svo mörgu móti, og það er enginn af oss, ef til vill, fær um að lesa það, sem vjer erum vanir að kalla hina „heilögu ritningu“ alveg hlutrægnislaust. Það kemur af því, að allir þeir, sem uppaldir eru innan vebanda einhvers kirkju-fjelags, og þar með í ákveðinni trúarjátningu, og sem bæði heima, á skólunum, í konfirmatíoninni og í þrjé-dikununum hafa verið uppfræddir í ýmsum grundvallar-setningum sem væru þær hið eina rjetta, og sem hafa fengið sannanir fyrir þessum trúarsetningum út úr hinni „heil. ritningu“—allir þessir lesa bibluna, án þess þeir sjálfir viti, með þessum játningar-gleraugum, er þeir hafa verið vandir á. Dannig kemur það til, að sá katólski finnur, að trúarlærdómar hans kirkju sjeu kenndir í heil. ritningu, sá lúterski finnur *sinar* og hinn reformeraði *sínar* o. s. frv. Það er merkilegt, hvernig það atvik, að vjer fyrir fram vitum, hvað vjer eigum að finna í biblunni, kemur oss til að lesa hana í hugsunarleysi. Útskýringar bækur hvers fjelags finna jafnan út hver sitt eigið, og snúa og tegja og toga ritningarstaðina pangað til að þeirra kredda verður ofan á. Í stað þess að láta bibluna krftisera og dæma játningarritin, láta menn játningarritin krftisera og dæma bibluna. Þó að hin-

*) Að mestu tekið eftir Ryðeberg „Bibelus læra om Kristus“.

ir „rjetttrúðu“ standi á því, að biblían ein skuli vera leiðarvísir, gera þeir samt óajálfrátt, hver um sig, sína játningu að leiðarvísir til að lesa hana. Meira að segja, eg held það sjeu margir, sem byrja biblulestur sinn með þeirri hæni, að þeir megi styrkjast í *snum* barnalæ:dómi, varðveitast frá öllum villukennendum (og þar með eiga þeir við alla þá, sem kenna eitthvað annað, en þeir hafa verið vandir við að heyra) í stað þess að þeir ættu að hafa djörfung til að biðja um, að þeir mættu fá að sjá *sannleikann*, jafnvel þó hann gengi þvert á móti kenningum þess kirkjufjelags, er þeir til heyra.

Í þessari raunsókn er það ásetningur minn, að leggja til hlíðar öll játningarrit, forsetningar og forðóma, er að erfðum hafa gengið, og sýna hreint og beint, hvað nýa testamentið kennir um Krist, hvort sem það kemur heim eða ekki við það, er vjer sem börn höfum lært utan að.

Aðalkjarni þess, er Jesús sagði um sjálfan sig var það, að hann væri Messías, Gyðinganna fyrirheitni og þráði Messías. Hann kallar ekki sjálfan sig þessu nafni, hann kallar sig oftast „mannsins son“, en hann hefir aldrei á móti því, þá er aðrir kalla hann Messías. Hann játar, að hann sje það. Hvað meintu þá Gyðingar með þessu orði Messías? Detta verður fyrsta og helzta spurningin. Vjer sjáum að þetta var töfra orðið, sem leiddi hans lærisveina til hans. Andrjes segir (samkvæmt Jóh. 1. 41.) við Símon bróður sinn: „Vjer höfum fundið Messías“ og Símon fylgdi honum óðara. Hvað meintu þá Andrjes og Símon með Messías? Og þegar Símon seinna vitnar: „Þú ert Kristur (grískt orð er merkir sama og Messías) sonur hins lifanda guðs, eða þegar Nat-

ad biblían ein skuli
jálfrátt, hver um sig,
lesað hana. Meira
ger, sem byrja bibl-
eir megi styrkjast í
rá öllum villukenn-
alla þá, sem kenna
randir við að heyra)
jörfung til að biðja
kann, jafnvel þó
um þess kirkjufjel-

etningur minn, að
rsetningar og for-
g sýna breint og
um Krist, hvort
það, er vjer sem

i um sjálfan sig
yðinganna fyrir-
llar ekki sjálfan
„mannsins son”,
er aðrir kalla
je það. Hvað
Messías? Detta

Vjer sjáum að
s lærisveina til
l. 41.) við Sí-
ð Messías” og
meintu þá And-
r Simon seinna
merkir sama
þegar Nat-

anael fara þessi orð af munni: „Rabbi, þú er-
sonur Guðs og konungur Ísraels”—hvað meintu þess-
ir menn með orðinu: „guðs son”? Með öðrum orð-
um, hvað var kennt í samkundunum, þar sem Símón
og Andrjes og Nathanael voru vanir að koma, við-
vfkjandi Messías? Og enn fremur: Vjer vitum, að
postulinn Páll var skriflærður, að hinn lærði Gamal-
fel hafði kennt honum. Í öllu orðalagi hans og
hugsunarhætti, eins og það lýsir sjer í brjefum hans,
kemur fram hin æðri menntan hans og háskólamál
Gyðinga. Þess vegna er oss mjög áriðandi að vita,
hvernig þar var kennt, sem Páll var menntaður, um
Krist, hvaða líkingar, orðalag og orðtök æðri skólar
Gyðinga höfðu um þetta efni, og þá um leið svára
þeirri spurningu: hver hugmynd Gyðinga var um Messías
á Jesú dögum bæði í alþýðuskólum og æðri skólum
Það hlýtur að verða sem forgarður til kenningar
nýa testamentisins um Krist. Seinna hljótum vjer
þá að spyrja: Var Jesús *samþykktur* Gyðingum í
þessari hugmynd þeirra um hann, eða hefir hann á
nokkurn hátt mótmælt eða lagad hana?

Hinir eldri spámenn, fyrir herleiðinguna til
Babylon og á hennar dögum, eins og líka þeir
yngri, sem lifðu eftir herleiðinguna fram á fjórðu
öld eftir Krist, láta allir þá von í ljósi, að Gyðinga-
þjóðin í sinni niðurlægingu skuli upp hefjast til að
verða hin dýrdlegasta og voldugasta af öllum þjóð-
um jarðarinnar. Verkfærið, sem guð hefir ætlað til
þessa verks, á að vera höfðingi af húsi Davíðs kon-
ungs. Hann á að safna til sín þjóðinni, sigra alla
hennar óvini og grundvalla allsherjar stólkonungs ríki,
þar sem Gyðingar og heiðingar skyldu sameiginlega
til biðja nafn Jahves. Spánennirnir tilgreina ekki

nákvæmlega um tímann, hvenær þessi águrhetja eigi að birtast, eða um nafnið, er hann eigi að bera. Nafnið Messías (á grísku Kristos) var seinna valið, vegna þess að „hinn smurði“ sýndist eiga bezt við þann, er í sinni persónu átti að sameina konungs, ypparsta prests og spámanns embætti. Út af þessari hugmynd, er vjer getum kallað þá *pólítisku*, spratt önnur, er vjer getum nefnt þá *siðalegu* eða *epísku* en sú hugmynd var ekki til á dögum spámanna og bregður fyrst fyrir um 160 árum fyrir Krists daga í bók þeirri, er kallast Daniels bók, en sem víst öllum nýari guðfræðingum kemur saman um að eigna ekki Daniel, heldur einhverjum höfund, er lifað hafi á dögum Antiokusar Epifanes. Bókin ber með sjer augljós merki persneskra áhrifa.

Vjer sjáum, að Gyðingar eftir heimkomuna úr Babýlonar herleiðingunni höfðu ekki einungis tekið upp margar trúarlegar hugmyndir, heldur fengið allt aðra heimsskoðun, sem er alveg óþekkt í elztu ritum þeirra, fyrstu bókum gamla testamentisins. Eftir þeim er Jahve einvaldur yfir jörðunni, sem ekkert stendur við; þar sem að rit þau, er skráð eru eftir herleiðinguna til Babýlon, gera heiminn að eins konar glímuvelli, þar sem að hann, hið góða, fæst við hið illa, p. e. Satan og alla hans englar Þess vegna er og í nýa testamentinu Satan kallaður: „höfðingi þessa heims“ (Jóh. 16, 4; 2. Kor. 4, 4). Þessi tvískiftingur, sem varð æ meiri og meiri, eftir því sem synda meðvitundin magnaðist, varð óviðráðanlegur, og gat ekki sámpýðst við hugmyndir Gyðinga um hinn eina, almáttuga guð, nema því að eins að út frá því væri gengið sem vísu, að þessi glíma gæti ekki orðið ævarandi, að kærleiki og máttur Jahves

Þessi sigurhetja eigi hann eigi að bera. (os) var seinna valið, myndist eiga bezt við það sameina konungs, þætti. Út af þessari þá *pólitisku*, spratt *síðalegu* eða *epísku* lögum spámanna um fyrir Krists daga, en sem víst öllum um að eigna ekki: li, er lifað hafi á skin ber með sjer

eir heimkomuna úr einungis tekið upp ur fengið allt aðra ekt í elztu ritum mentisins. Eftir þunni, sem ekkert ur skráð eru eftir þeiminn að eins a, hið góða, fæst ans englar Þess kallaður: „höfð- (Kor. 4, 4). Þessi meiri, eftir því rð óviðráðanleg- myndir Gyðinga því að eins að Þessi glíma gæti máttur Jahves

hlyti að lyktum að verða ofan á og leysa mannkynið úr fjöturum syndariunar. En hverjum hafði nú Jahve ætlað þetta mikla þrekvirki? Hafði hann ekki lofað sinni eigin þjóð frelsun fyrir ættkvist af Davíðs kynstofni? Hlaut þá ekki hinn eftirvænti Messías, hinn pólitiski frelsari, einnig að vera hiun sami og sá, er átti að frelsa þá frá hinum illu öndum og tortýna þeim, hann, er leysa skyldi syndafjötur mannkynsins? Dannig komst þá hugmyndin um Messías einu feti fram, og þar að kom, að hugmyndin um *heimsfrelsa* útbúinn yfirnáttúrlegum mætti, rann saman við hugmyndina um pólitiska þjóðhetju. Dannig hafði Messíasar hugmyndin náð sínu öðru stigi, en það var ekki þar með búið. Sú hugsun lá eðlilega nærri, hvort eigi væri líklegt, að sá, er guð vildi útbúa með þá líkum yfirjarðneskum mætti, væri meira en tómur dauðlegur maður. Var hann ekki öllu fremur engill, sá drottins ergill, er svo oft var áminnt í hinum gömlu, helgu bókum þeirra? En hvernig gat hann þá um leið verið sæði Davíðs og sonur nokkurrar konu? Hjer var mótsögn, sem Gyðingar voru ráðalausir með; því sú kenning, að sálin hafi áður verið til, og stígið niður í líkamann, þegar tími var til þess kominn, var þá enn ókunn meðal Gyðinga. Það var kynningin við hina grísku heimspeki og áhrif hennar, sem fyrst gat leyst úr þessari mótsögn, og komið Messíasar hugmyndinni inn á sitt þriðja stig. Heimspekiskólar Gyðinganna í Alexandríu í Egyptalandi hafa mest og bezt út fært þessa Messíasar hugmynd. Vjer getum sjóð, hversu mikil áhrif Grikkir höfðu á Gyðinga, ekki einungis af ritum þeirra, t. d. Spekinnar bók, þar sem vjer finnum málgreinir eftir Plató og Pýþagoros innan um biblíumál, heldur einn-

ig af því, að við sjálft lá, að þessi áhrif mundu gjör-
eyða þjóðerni Gyðinga í Palestínu, svo að Makka-
bea upptöð reis út af því. Margur Gyðingur
skildi ekki sitt eigið mál, hebreskuna, heldur varð
að lesa rit sín á grískri þýðingu. Hinn gríski spek-
ingur, Plató, hafði komið upp með þá skoðun, að
fæðingin sje eigi fremur upphaf mannsins, en dauð-
inn endir hans. Andi hans hefir verið til fyrir fæð-
inguna, eins og að hann skal eilíflega vera til eftir
dauðann, þ. e. með öðrum orðum: kenningin um
preexistensiu eður fortilveru. Þessa hugsun gripu
spekingar Gyðinga feginsamlega. Þessi hugsun hlaut
einmitt að samþýðast þeim háu hugmyndum, er
þeir höfðu um manninn sem ímynd guds. Vjer sjáum
glöggt af ritum lærðra Gyðinga, Rabbínanna, að þeir
kenndu þenna lærðóm. Það færðist eins og nýtt líf í
Messíasar hugmyndina við þessa hugsun. Þó Messías
væri enn ekki fæddur á jörðu, þá lifði hann samt
þessi frelsari er spámennirnir höfðu boðað. Hann
lifir og hefir frá sköpunarinnar upphafi lifað meðvit-
undar lífi í föðurörnum guds. Hann er mynd hinnar
skapandi hugsunar guds, og hlýtur því sem ímynd guds,
að vera fullkominn. Það er líking hans, er mannkyn-
ið á að leitast við að ná, til þess að gera að sann-
nefni það nafn, sem mönnum er gefið, en sem eink-
um og sjer í lagi til heyrir honum, þ. e. nafnið „guds
sonur“. Og þar eð hver vera eða hugmynd er skoð-
uð eins og hlekkur úr samhangandi keðju, þannig
að hver eftirfarandi hlekkur er eins og sprottinn út
af öllum þeim, er undan hafa farið, þá varð Messías,
sem hinn fyrst skapaði af öllum verum, skoðaður sem
sá fyrir hvern og til hvers allt annað var skapað.
Á þenna hátt verður og að skilja orðatiltæki lærðra

Gyðinga, að hann sjø „renna ljóssins” og „miðill sköpunarinnar”. Sú röð, er hugsanirnar eða hugmyndirnar hafa út gengið í frá hinum skapanda anda guðs, er engu að síður allt önnur en sú röð, er þær fylgja þá er þær stíga niður í hinn jarðneska heim. Ef svo hefði verið, þá hefði Messías og hlotið að verða sá *fyrsti maður á jörðunni*. En því fer fjærri. Dvert á móti er hann sá *seinasti* allra, er íklæðist holdi; því eftir hans komu, hjeldu þeir, liggur fyrir uppvakning dauðra og hinn efsti dómur. Dess vegna kalla margir ræbbínar Messías hinn „síðasta mann”, hinn annan Adam”, og í mótsetningu við hinn fyrsta, hinn jarðneska Adam, fyrir hvern að syndiu og dauðinn hafa komið inn í heiminn, kallazt Messías hinn hinneski Adam”. Dessi orðatiltæki koma, eins og vjer vitum, aftur fram í Korintu brjefinu.

Í nýja testamentinu finnum vjer aftur öll þessi stig í viðgangi hugmyndarinnar um Messías:

1. Þjóðfrelsarann.
2. Heims endurlausnarann.
3. Hugsjónar eða fyrirmyndar nanninn, byrjun sköpunarinnar og endir sögunnar; því þessi stig geta öll samrýmt, og þau áttu sjer öll stað á Jesú dögum innan Gyðinga fjelaganna samsvarandi mentunarásigkomulagi hvers um sig. Þar sem að vjer getum sjeð eins og í spegli, í hinum þrem fyrri guðspjöllum, Messíasar hugmyndina eins og hún var hjá öllum þorraunum, og eins og hún var fram sett í samkundunum eður alþýðuskólunum, þannig finnum vjer á hinn bóginn hjá Páli, lærisveini hins lærða Gamalfels, hinn heimspekilegri skilning hennar, eins og vjer og sjáum, að hún, hjá höfundi Jóhannesar guðspjalls, er sameinuð hugmyndinni um Logos eða kean-

inguna um guðs Orð er og seinna skal frekar á minn-
astu.

Vjer finnum á mörgum stöðum hjá Páli, Jóhann-
esi og höfundu Hebraea brjefsins kenning rabbfanna
um Messías sem verandi til áður; en ætíð gera þeir
hinn nákvæmasta greinarmun á hinum eina guði, sem
allt er frá, og Messíasi, sem heimurinn er skapaður
fyrir og til (Kól. 1, 16. 20.; 1. Kor. 8. 6; Hebr.
1. 2); þar til og með þykjast þeir aldrei nógsamlega
geta tekið fram, að Messías sjálfur er sköpuð vera,
enda þó hann sje hinn fyrsti og dýrðlegasti af öllu
sköpuðu. Dess vegna nefna þeir hann „frumgetning
allrar sköpunar“ (Kól. 1, 13) „frumgetning margra
bræðra“ (Róm. 8. 30) „upphaf sköpunar guðs“ (Op-
inb. 3. 14.) „þann sem guð hefir gert“ (Hebr. 3, 9.)
Orðið „guðssonur“ var engann veginn neitt sjerstakt
fyrir Messías. Salómon kallast „guðsson“ 2. Sam. 7,
7. Adam kallast „guðsson“, Lúk. 3, 38; menn yfir
höfuð eru kallaðir „guðs synir“ Spek. 2, 18 sálm 82,
6; Matt. 5, 45. Róm. 9, 26; 8, 14, 16; Opinb. 21, 7
Titillinn „guðssonur“ var mjög algengur hjá hinum
gömlu heiðingja þjóðum og á fyrstu dögum kristn-
innar. St. Basilius segir: „Sjerhver óvanalega góð-
ur maður var kallaður guðs sonur“. Þegar Appólon-
ius af Týtana, þá er hann stóð frammi fyrir Domibi-
anus keisara, var spurður, hvers vegna menn köll-
uðu hann guð, svaraði hann: „Sjerhver góður maður
á heimtingu á því nafni“*.

Dó að nú bæði Páll og Jóhannesar-guðspjallið
leitist við að gera Mesías dýrðlegan sem hinn fyrsta
og fullkonnasta af öllum sköpuðum verum, þá standa

*) Vaites 11 ed. bls. 387-88.

þeir þó fast á því, að hann sje *maður* en ekki *gud*. Allt hið sama er að segja um *öll rit Gyðinga*, bæði gömul og ný. Fyrir því dirfast þeir að jafna honum við Melkisedek, Móses, Aron, Davíð, Salómon og Elías, sem þeir hefðu ekki vogað sjer að gera, ef þeir hefðu álitid hann hið *sama* og hinn eilífa gud. Gyðingar, er hjeldu á monoþeismus eða kenningunni um einungis *einni* gud, hefðu hlotid að Allta vidurstyggð og gudgá, að setja upp tvo guði, og þess vegna sjáum vjer og, að enginn postulanna hefir gert það, að ekki finnst eitt orð í nýja testamentinu, er fari fram úr þeim takmörkum, er Gyðingar höfðu komist að í Messíasar hugmyndum sínum á Jesú dögum, að ekki finnst eitt orð í nýja testamentinu um guddóm Krists, en að þessi trúargrein er seinna komin inn í kirkjuna fyrir áhrif heiðingja þeirra, er til kristni snjerust. Þar sem menn þykjast finna guddóm Krists kenndan í nýja testamentinu, styðjust menn annaðhvort við skakkan leshátt í frumtextanum eða misskilning á orðum nýja testamentisins.

Nú skulum vjer taka fyrir oss hvörn og einn af þessum stöðum og skoða þá; þeir eru ekki margir. Fyrst er þá P. G. 20, 28. Það stendur svo í vorri almennu þýðingu: „Gefid þá gætur að sjálfum yður og allri hjörðinni, er hinn heilagi andi setti yður í sem umsjónarmenn að gæta guds safnaðar, er hann eignaðist með sínu eigin blóði“. Hjer sýnist nú berlega sem Kristur sje kallaður gud, því það var einmitt hann sem úthelti blóði sínu. En þá er vjer gætum að hinum gömlu laadritum, þá finnum vjer út, að þar stendur alle ekki *guds* söfnuður, heldur *drottins* söfnuður; og það er allt annað; því *drottinn* er einmitt hið almenna nafn á Kristi, en það

stendur ekki eitt orð um, að hann sje guð. Þetta er og orð, sem haft er um hann í annari grein „vor drottinn“. Til að sýna, að það sje *eigi* guð, sem átt er við, hafa handritin sett greinirinn fyrir fram- an, sem ætíð er gert, þegar orðið drottinn á að tákna Krist, eður manninn, en ekki þegar það á að tákna gnd sjálfan. Það eru merkilega fáar undantekningar frá þessari reglu. Það má því sleppa þessum stað.

Þvínæst höfum vjer 1. Tím. 3, 16, sem í gömlu þýðingunni vorri er þannig: „Mikill er sá leyndar- dómur guðhræðslunnar: Guð er opinberaður í hold- inu, rjettlættur í andanum, sjeður af englum, prje- dlikaður meðal heiðingja, trúað í heiminum, upptek- inn í dýrdina“. Þetta er bersýnilega rangur lesháttur. Það á að vera: „Mikill er sá leyndardómur guð- hræðslunnar: *hann sem* er opinberaður í holdi, er rjett- lættur í anda“, o. s. frv. Misskilningurinn kemur af því, að þegar „hann sem“ á grísku er skrifað með stórum bókstöfum (sum handritin eru eingöngu með stórum stöfum) þá lítur það allt að einu út og orðið „guð“ (*θεος*) samandregið eða stytt. Það er aðeins dálítið strik sem greinir:

ΘΥ *hann sem*, ε ΘΥ stytt fyrir *θεος* (guð).

Einhver afritari, sem feginn vildi finna sönnun- ar staði fyrir guðdómi Krists, hefir tekið eptir því, að hjer var hentugur staður, og hefir svo bætt við hinu litla striki, sem gerir það að „hann sem“ er orðinn „guð“ og frá þessu handriti hefir falsið komizt inn í önnur. Meira að segja, menn vita hver sá mað- ur var, er viljandi falsaði þenna stað. Það var Macedonius biskup af Konstantinopel (Miklagarði) og hann var fyrir þessa sök rekinn úr bænum af Anastasius, keisara. En þó á nú texta kritíkin sje

sje guð. Þetta er annari grein „vor sje *eigi* guð, sem minnirinn fyrir framrottinn á að tákna þar það á að tákna þar undantekningar á þessum stað.

16, sem í gömlu till er sá leyndarberaður í hold af englum, þrjú eiminum, upptekrangur lesháttur. Þandardómur guð í holdi, er rjettningurinn kemur u er skrifað með a eingöngu með einu út og orðið Það er aðeins

θεος (guð).

li finna sönnun tekið eptir því, r svo bætt við „hann sem” er r falsið komizt ta hver sá maðtað. Það var (Miklagarði) úr bænum af ta kritikin sje

kominn á rjetta leið með þenna stað, þá viðhalda samt biblíur vorar þessur falsada lagi, sem og líka hinum vitanlega falsada stað um þrenninguna í Jsh. brjefi, végrta þess að það er svo handhægt, að færa þetta til sömmunar fyrir einni af þeirra, kæru trúargreinum. Hin nýja, ensk-ameríska þýðing, hefir snúningalaust, lagað staðinn, svo þar stendur nú „hann sem” í staðinn fyrir „guð”. Og staðurinn sjálfur sýnir líka að leshátturinn „guð” getur ómögulega rjettur verið; því hvernig getur nokkur ætlað Páli þá lokleysu, að eg ekki segi guðgá, að segja að hinn eilífi guð sje „rjettlættur í andanum; og upptekinn í dýrdina”? Hver getur rjettlætt guð sjálfan? Hver getur upptekið guð í dýrdina?

Þá höfum vjer Róm. 9, 5. Eftir vorri þýðingu er staðurinn þannig: „Er feðrunum tilheyra, og sem Kristur er af kominn eftir holdinu, sem er guð yfir öllu, hálofaður um allar aldir”. Það, sem allt er undir komið, er það, hvort setja skal kommu eða punkt í frumtextanu. Því nær allir nýrri þýðendur jafnvel „rjetttrúaðir”, eins og Tischendorf, eru samtaka í því að þýða staðinn annaðhvort þannig: „sem Kristur er af kominn eftir holdinu. Sá yfir öllu verandi guð sje lofaður um alla eilífð!”—eða þannig: „sem Kristur er af kominn eftir holdinu, hann, sem er yfir öllu. Guð veri lofaður um allar aldir!” Eftir hvorugum þessum leshætti er þá átt við Krist, þar sem guð er nefndur, heldur er þetta ein af þeim vanalegu löfgerðum, er vjer svo opt finnum hjá Páli þá er hann hefir lokið framsetning hugsunar sinnar, löfgerð til hins ósýnilega guðs. (s. b. Róm. 1, 25; 2. Kor. 11, 31; Gal. 1, 5).

Þá höfum vjer Hebr. 1, 8, 9. Þar er vitnað

í Sálml. 45. 7, 8, og heimfært upp á Krist; þæ stendur svo: „En til sonarins: Ditt háseti, ó guð! stendur um alla eilífd, sproti rjettvísinnar er veldis sprotti pinn, þú elskaðir rjettvísi og hataðir rangindi; þess vegna hefir guð, pinn guð, smurt þig með olfu fagnadarins fremur bræðrum þínum”. Hjer stendur í raun og veru í gamla testamentinu orðið guð, heimfært upp á Krist: en að höfundurinn með þessu ekki eigi við hinn einasta, eina guð, sjest af lyktar orðunum: Þinn guð hefir smurt, o. s. frv., því hinn einasti guð hefir engan yfir sjer, er smyrji hann með fagnadaroliu, og ekki heldur hefir hann bræður, að hann geti fengið meir en þeir af þessari fagnadar oliu. Höfundur Hebrae-brjefsins er nógu kunnugur í gamla testamentinu til að vita, að bæði í þessum sálmi og í öðrum (82 6.) er orðið „guð” og „gudir” haft um menn í háum tignum svo sem konunga, dómara, o. s. frv. Sálmurinn 45. sem hjer er tilfærður, og heimfærður til Krists, er í raun og veru brúðkaupssálmur, gérður til jarðnesks konungs, og í honum kallast þessi konungur „guð”. Grundvallar hugsun Hebrae-brjefsins er einmitt, að Kristur sje *ekki* guð, heldur sá æðsti af öllum sköpuðum verum, meiri en englar, spámenn, og yppurstu prestar.

Dá er Jóh. Opinb. 1. 11. Eg er Alfa og Ómega, sá fyrsti og síðasti, og skrifaðu það sem þú sjer”. o. s. frv. Þessum orðum sem Kristi eru eignuð: „Eg er Alfa og Ómega” o. s. frv. er bersýnilega smeygt inn í. Deim er sleppt úr hinum gríska teksta af hinum beztu texta-dómara, Tishchendorf, og einnig úr hinni nýu, ensk-amerísku þýðingu. Þau eru tekin úr kap. 22. 13, þar sem það er guð sjálfur; er talac þau fyrir munn englaana. Opinberunin gerir ættó

upp á Krist; þætt háseti, ó guð! sonar er veldis sprottur þin rangindi; þess guðs með öllu fagnuð. Hjer stendur í þessum orðið guð, heimurinn með þessu ekki af lyktar orðunum, því hinn einmyrji hann með hann bræður, að þessari fagnaðar öllu þessum þessum sálmi og þessum guðir" haft um þessa, dómara, o. s. v. þessari brúðkaupssálmurinn kallast þessum Hebraeumum þessi guð, heldur þessari en englar.

Alfa og Ómega, þessu þá sjer". o. s. v. eignuð: "Eg þessum þessum smeygt þessum teksta af þessum og einnig úr þessum eru tekin úr þessum álfur; er talac þessum gerir ættuð

glöggan greinarmun á guði og kristi, sem er því merkilegra, sem að Kristi er lýst eftir dauðann í öllum dýrðarljóma Messiasar.

Svo höfum vjer 1. Jóh. 5. 20. "En vjer vitum að guðs sonur er kominn og hefir gefið oss vit svo að vjer þekkjum þann *sanna* (nl. guð) og vjer erum í þeim *sanna*, í syni hans, Jesú Kristi; þessi er sá sanni guð og hið eilífa líf". Margir vilja heimfæra þetta orð *þessi* til Kristis; en líklegra er þó hitt, að þar sem hjer stendur *sanni guð*, þá sje átt við þann sama, sem tvisvar er kallaður "hinn sanni" í setningunni á undan. Það sem enn meir styður þessa líklegu ætlan er það, að Jóhannes annars *aldrei* kallar Krist "sanna guð", og gerir yfir höfuð glögga greinir þessum og sonar.

Enu höfum vjer Jóh. 10, 13, "Eg og faðirinn erum eitt". En að hjer sje ekki meint nein veru eining, heldur einungis episk eining, það er að segja: eining í viljanum, að Kristur þá aldrei geri annað en það, er faðirinn vill—það sjáum vjer af fjölda mörgum sanhlíða stöðum hjá sama höfundi, þar sem sömu orðatiltæki eru við höfuð, betur skirð. Eg vil aðeins nefna eitt af þeim, Jóh. 17. 20.-23. Þar stendur: "En eg bið ekki einungis fyrir þessum, heldur og fyrir þeim, er fyrir þeirra orð munu á mig trúa, svo að þeir *allir verði eitt*, eins og þú, faðir ert í mjer og eg í þjer, að þeir og skuli verða eitt í okkur, svo að heimurinn geti trúað, að það sjert þú, sem sendir mig." Hjer eru og hin sömu orðatiltæki, og hjer segir Jesús berlega, að eining hans við föðurinn sje sama eðlis og eining hans við lærisveinana, og þá engin veru-eining. Væri átt við veru-eining, þá yrðum vjer sannarlega *allir* meðlimir þrenning-

arinnar. Ad Jesús í 10. kap. ekki eigi við neina veru-eining, sjest einnig í versinu á undan, þar sem hann segir: „Faðir minn, sem hefir gefið mjer þá, er *meiri en allir*, og enginn getur hrifið þá úr hendi föður míns”, sömuleiðis af þeim, er eftir koma, 33-36. Gyðingar, sumsje, hneiksluðust á þessum orðum hans, með því þau voru blátt áfram áu skýringar, og vildu grýta hann fyrir guðgá „vegna þess að þú, sem ert maður vilt gera sjálfan þig að guði”. Jesús svaraði: „Stendur ekki skrifað í yðar lög-máli: „eg hefi sagt, þjer eruð guðir?” Sálm. 82, 6. „Ef hann kallar þá guði, sem guðs orð var birt— og ritningunni getur ekki skeikað—því segið þjer þá við þann sem faðirinn helgaði og sendi í heitinn: Þú smánar guð, af því eg sagði: eg er guðs son?” Hjer segir þá Jesús með þerum orðum, að nafn hans „guðs sonur” engan veginn gefi til kynna, að hann sje sama og guð; því það nafn kemst þó ekki í samjöfnuð við það, er sálmaskáldið kallar spá-mennina „guði”.

Þá höfum vjer Jóh., 20, 28. hin alkunnu orð Tómasar, þá er hann, sem eigi hafði viljad trúna upprisu Krists, æpir upp yfir sig og segir: „Drottinn minn og guð minn!”. Nokkrir gamlir þýðarar, eins og Deóðór af Mopsúesta, og margir yngri, halda, að þessi orð eigi ekki við Krist, heldur guð. Tómas fellur á knje og lyptir andliti sínu mót himni í þakkargerð til guðs síns og drottins. Sá er einn hlutur sem mælir mót þessari skoðun, og það er, að orðið „drottinn” hefir greinirinu, eins og það jafnað hefir, þá er það er haft um Krist. Aðrir hafa því haldið, að „drottinn minn” eigi við Krist, en „guð minn” við hinn eilífa guð. Detta sýnist mjer samt

ti eigi við neina
 undan, þar setu
 gefið mjer þá,
 hrifið þá úr hendi
 er eftir koma,
 ust á þessum orð-
 fram án skýring-
 „vegna þess að
 þig að guði”.
 fað í yðar lög-
 ” Sálm. 82, 6.
 orð var birt—
 því segið þjer
 sendi í heita-
 di: eg er guðs
 erum orðum, að
 gefi til kynna,
 nafn kemst þó
 áldið kallar spá-

n alkunnu orð
 ljáð trúa upp-
 egir: „Drott-
 amlir þýðarar,
 yngri, halda,
 ur guð. Tón-
 mót himni í
 Sá er einn hlut-
 að er, að orð-
 og það jafnað
 þrir hafa því
 Krist, en „guð
 st mjer samt

óeðlilegt. Það líklegasta er, að Tómas, eins og frá
 sjer numinn af þessum óvænta atburði, hafi í þetta
 sinn sannarlega kallað Jesú guð; en að byggja
 heilan kirkjulærdóm á orðum þess manns, er var
 svo æztur sem Tómas þá var, nær engri átt, eins
 og jafnvel orþodox guðfræðingar játa. Vjer sjáum
 af sögunni í P. G. 14, 11, hvílkir tundurbaukar aust-
 urlanda menn voru. Þá er lýðurinn sjer einá af lækn-
 ingum Páls, kallar hann upp og segir: „Guðirnir
 eru orðnir menn og komnir meðal vor”, og vill
 fara að tilbiðja Pál og fjelaga hans. Þar til og með
 höfum vjer og áður sýnt, að hið gamla testamenti
 hefir orðið „guð” um menn í hárrí stöðu, og að Jes-
 ús sjálfur ekki hneiksláðist neitt á því, með því að
 honum gat ekki til hugar komið, fremur en nokkr-
 um Gyðingi, að rugla þvílíkri persónu saman við
 hinn eilífa, almáttuga skapara.

Svo höfum vjer Fil. 2, 4-7: „Því hið sama
 hugarfar veri í yður, sem og var í Jesú Kristi, sem,
 þó hann væri í guðs mynd, ekki hjelt það neitt her-
 fang að vera *Ukur* guði, en lítillækkaði sjálfan sig”,
 o. s. frv. Orðin: þá hann var í „guðs mynd”, eru
 þá í mótsætningu við þá tíð, er hann var í
 „manns mynd”, og allur þessi ritningarstaður vill
 segja, að Kristur, jafnvel í dýrð forveru sinnar, hafi
 verið fyrirmynd högværðar og góðsemðar í mótsætn-
 ingu t. d. við hinn fallna höfudengil, sem ekki ljét
 sjer nægja að vera *Ukur*, heldur vildi vera guð. Það
 er mikill munur á þessum hlutum. Vjer mennirnir
 erum og líkir guði, með því vjer erum skapaðir í
 hans mynd. Meining þessa staðar er líklega þessi:
 Kristur, enda þótt hann væri í guðdómlega fagurri
 mynd áður en hann, eins og aðrir mannandar, stje

niður í hinn holdlega heim, *sáttist ekki eftir að verða* allsherjar guð. Að hann var *líkur* honum, var ekki neitt stolið herfang, heldur það eitt, er tilheyrði hverjum fullkomnum, blettlausum, manni. En þrátt fyrir það, að hann átti þessa fullkomnu dýrð hjá föðurnum, tók hann á sig holdsmynd til þess að verða oss líkur í *öllu*. Að þessi staður eigi alls ekkert við guðdóm Krists, má bezst sjá á því, að sami maðurinn, er þetta hefir ritað, skrifar þannig 1. Kor. 15, 28: „En þegar allir hlutir eru honum (syninum) undir lagðir, þá skal og sjálfur sonurinn leggja sig undir hans (guðs) vald svo að guð sje allt í ölln” Sje hjer ekki beinlfnis kennd undirgefnri Krists undir guð og mismunurinn á honum og guði, þá kann eg ekki að lesa.

Ög svo kómum vjer loksins að hinum nafnkunna stað í Jóh. guðspjalli um „orðið”, þar sem stendur: „Í upphafi var orðið (Logos) og orðið var hjá guði og orðið var guð”.

Það eru tvær aðal þýðingar af þessum stað. Önnur skýrir þannig, að strax í fyrsta versi sje með „orðinu” meintur hinn forverandi Messfas, er síðar tók á sig holdsmynd í Jesú Kristi (v. 14.); en hin skilur þannig, að það sje ekki átt við Jesú fyrr en í 14. versi, að í 1. versi sje rætt um þá skynsemi eða speki, sém, áður en hún opinberaðist í hinum ýmislegu sköpunum, er kapítulinn um getur, lá innilukt í guði, var eitt með guði.

Frá þeim tíma, er guð sagði: „Verði ljós”, hefir þessi speki út gengið og birzt í opinberunarmyndum í öllu lífanda, fyrst í náttúrunni (3. vers) svo í mannlfínu (4. vess). Þetta guðs ljós, sem er opinberað í mannlfínu, er sumpart hin sameiginlega

ekki eftir að verða
 þkur honum, var
 það eitt, er til-
 lettlausum, manni.
 ti þessa fullkomnu
 sig holdsniynd til
 þsssi staður eigi
 á bezt sjá á því,
 ritað, skrifar þann-
 llir hlutir eru hon-
 al og sjálfur son-
 vald svo að guð
 nfnis kennd und-
 unurinn á honum

hinum nafnkunna
 þar sem stendur:
 þið var hjá guði

af þessum stað.
 sta versí sje með
 Messías, er síðar
 (v. 14.); en hin
 við Jesú fyrr
 tt um þá skyn-
 opinberaðist í hin-
 um getur, lá

„Verði ljós”,
 í opinberunar-
 runni (3. vers)
 s ljós, sem er
 in sameiginlega

skynsemi allra manna (9, v.) sem þá einnig lýsir
 heiðingjunum (hin náttúrlegu trúarbrögð) sumpart
 hið sjerstaka ljós, sem var opinberað Gyðingum, guðs
 eigin þjóð, með opinberun Mósesar. Eru ljósið, sem
 skein fyrir *heiðingjum*, var ekki skilið (5. v.) og
 ljósinu, sem kom til *eignar þjóðarinnar* (Gyðing-
 anna) var ekki veitt viðtaka (11. v.). Einungis nokkr-
 ar, fáeinar sálar, „guðsbörn” (spámeunirnir) skildu
 það og veittu því viðtöku (12. v.). Ný opinberun
 af guðs „speki” eða „orði” var nauðsynleg, og hún
 kom, þá hinn áður tilverandi (forverandi) Messías
 stje niður á jörðina og tók á sig mynd holdsins
 (14. v.). Þessi skýring, sem finnur fyrst í þriðja
 vessi talað um nokkra sýnilega *opinberun* af guðs
 speki eða orði, er studd af kirkjuféðrunum, Klemens
 og Origenes af Alexandríu, er stöðu svo nærri Jó-
 hannesar guðspjalli. Úr Alexandríu-skólanum hefir
 og höfundur þess komið. Í „Analecta” sínum 1.
 bindi, gerir Klemens greinarmun 1.) á logos fúð-
 ursins, hinu eilffa upphafslosa orði, eður guðdóm-
 legu speki, er Jóhannes 1, 1-2 talar um, og 2.) lo-
 gos mannkynsins, er og kallast logos sonarins, þ. e.
 eftir hans skoðun, meðvitund sú um guð, er býr
 í mankyninu (3—14. v.) og, að síðustu 3.) á
 hinni persónulega sköpuðu veru, Messías, sem varð
 hold í Jesú af Nazaret.

En jafnvel þó menn aðhyllist hina fyr nefndu
 skýringu, að þegar í 1. vessi sje með „orðinu”
 meintur Messías, er síðar varð hold, sýnir samt 18.
 vess í sama kapitula, að höfundurinn gerir hina
 glöggustu grein milli þessa „orðs” og hins eilffa al-
 máttuga guðs, *sem engin hefir sjed*, með öðrum orð-
 um, að það er ekki hans meining, að gera Jesús

Samrar veru og hinn eilífa guð, heldur að sonurinn sje einungis hin ypparsta og æðsta opinberun guðs, er sjezt hefir á jörðunni.

Yfir höfuð er það einkennilegt við Jóh. guðspjallið, að enda þótt það leitist við, að gera Jesús svo dýrðlegan, sem unnt er, gerir það ætíð skýr greinarmerki milli fúðursins og sonarins, og leggur áherzluna á undirgefni sonarins (Jóh. 14. 28.) og maundómleik hans (Jóh. 8. 40.). Eins og að orþodoxian nú á dögum þykist finna stuðning fyrir kenningu sinni um guddóm Krists í þessum upphafs-ordum Jóh. guðspjallsins, þannig þóttust gnostísk-fjelöginn á sínu tíð finna í þessum sömu orðum sannanir fyrir æona eða engla-kenningu sinni, að guð hafi skapað fjölda af æónum; einn af þeim var „upphafið“, annar „orðið“, þriðji „lífið“, fjórði „ljósið“, fimti Krstur, o. s. frv.

Kenningin um orðið, sem skapanda afl, er mjög gömul. Hin kínverska biblía segir, að „guð talaði sitt fyrsta orð, og hans eigin, eilífi, dýrðlegi bústaður kom fram“. Sankvæmt Zend Avesta (biblíu Persa) var það fyrir orðið, sem var eldra en heimurinn, að Ormuzd skapaði alheiminn. Hinn gamli gríski rithöfundur, Amelias segir, þá er hann ræðir um guðinn Merkúr: „Og hann var einmitt logos, fyrir hvern að eru allir hlutir gerðir“.

Þetta eru nú aðalstaðirnir, sem færðir eru til sönnunar guddómi Krists. Eg hef ekki með bezta vilja getað fundið í þeim eitt orð um guddóm Krists: samt sem áður, ef ekki væri á öðru að byggja á þessum stöðum, gæti þetta mál í margra augum að minnsta kosti verið *efi* undirorpið, en með því að til eru fjöldi af stöðum, þar sem Jesús *beinlínis*

heldur að sonurinn
ta opinberun guðs,

gt við Jóh. guð-
id, að gera Jesús-
r það ætíð skýr
onarins, og leggur
(Jóh. 14. 28.) og
Eins og að orpo-
idning fyrir kenn-
þessum upphafs-
óttust gnostika-
sum sömu orðum
gu sinni, að guð
nu af þeim var
, fjórði „ljósið“.

nda afl, er mjög
að „guð talaði
dýrðlegi bústað-
Avesta (biblíu
ldra en heimur-
Hinn gamli
i er hann ræðir
r einmitt logos,

færdir eru til
ekki með bezta
guddóm Krists:
að byggja ec
gra augum að
með því að
Jesús *heinnis*

afsalar sjálfum sjer öllum guðdómi, þar sem hann svo glöggst sem unnt er, *adgreinir sig frá föðurnum*, þá virðist mjer, að óvenjulega fordóma-blindni og þrályndi þurfi til þess samt að halda á þessari kenningu eða trúargrein. Það er þó bæði almennt, sanngjarnt og tíðkanlegt, að þegar dómari hefir öðru megin 9—10 óskýra vitnisburði, og hins vegar heila röð af vafalausum, greinlegum vitnisburðum, þá dæmir hann, að sá málspartur hafi rjett, er styðst við hina skýru vitnisburði.

Það er mjer hjer ekki unnt, að ganga gegnum alla þessa stadi; eg skal aðeins benda á þá helztu. Jesús afsalar sjer beinlinis því, að hann sje það *algylta góða*: „Og sjá, maður nokkur kom til hans og sagði: „Góði meistari, hvað á eg að gera til að eignast eilíft líf“? En hann sagði við hann, því kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema guð einn“. (Matt. 19. 16—17). Jesús neitar því að hann sje *almáttugur*. „Að sitja mjer til hægri og vinstri handar er ekki mitt að veita nema þeim einum, er faðir minn hefir það fyrirhugað“. (Matt. 20—23.); eða Jóh. 8, 18—19: „Þegar þjer upphefjið mannsins son, þá skuluð þjer þekkja, að eg er sá, sem eg er, og að eg geri *ekkert af sjálfum mjer*, heldur einsog faðir minn *kenndi mjer*, þannig tala eg“. Jesús neitar því, að hann sje *alvitur*: „En um þann dag og þá stund veit enginn nema faðirinn *einn*“. (Mark. 13, 32). Jesús *adgreinir* sinn vilja frá vilja föðursins, t. d., þá hann biður í Getsemane: „Faðir, sje það mögulegt, þá viki þessi kaleikur frá mjer, þó ekki minn heldur verði þinn vilji“; þannig og þar sem honum eru lögð í munn þessi orð (Jóh. 6. 38): „Því eg er kominn niður af himni ekki til að gera minn vilja, heldur vilja þess, er mig sendi“.

Um kraftaverkin, sem svo oft er haldið fram sem sönnun fyrir guðdómi Krists, segir hann sjálfur, að þau sjeu alveg mannleg, að enda vjer, syndugir menn, getum gert þau, og jafnvel *enn meiri verk*: „Sannlega, saunlega segi eg yður, hver sem trúir á mig, þau verk, sem eg eg geri, skal hann og gera, og hann skal gera meiri verk en þessi”. Og vjer finnum líka í gamla testamentinu sögur um spámennina, sem gerðu einmitt samskonar kraftaverk, jafn vel upp vöktu dauða menn, án þess oss komi til hugar að kalla þá guði. Að eg ekki tali um, að sömu kraftaverkin, sem Jesú eru eignuð, eru líka með jafn miklum rjetti, og jafn miklum sönnunum, eignuð mörgum öðrum, t. d. Appolonius af Týana heiðingja einum, er lifði samtíða Jesú.

Af hinum fyrnefnda stað hjá Jóhannesi, 10, 31, o. s. frv., er það ljóst, að nýa testamentið með orðinu *guðs son* ekki meinar hið sama og „guð”. Eg skal og minna á Róm. 8. 17. þar sem vjer erum kallaðir erfingjar guðs og samarfar Krists, þar sem þá Kristur er settur á sama bekk og vjer, og í Opínb. 21, 7 þar sem sagt er: „Sá, sem sigrar, skal erfa alla hluti, og eg vil vera honum guð, og hann skal vera mjér sonur”. Þar er þá nafnið guðs son aðeins titill, sem getur átt við oss alla. En fremur skal eg minna á Róm. 8. 16: „Hinn sami andi vitnar með vorum anda, að vjer *sjeum guðs börn*”. Þar kemur fram hin sama hugsun.

